

STJÓRNARTÍÐINDI A 21 — 1974

10. maí 1974.

287

Nr. 59.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 20. maí 1965, um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 36 7. maí 1969 og lög nr. 37 16. apríl 1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 14. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Búrfell í Þjórsá, sbr. 6. gr., er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 100 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánnum annarra aðila til þessara virkjunarframkvæmda.

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Sigöldu í Tungnaá, sbr. 6. gr., er ríkisstjórninni enn fremur heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 350 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánnum annarra aðila til virkjunarframkvæmdanna. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán og endurlána Landsvirkjun í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

15. maí 1974.

Nr. 60.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 21. apríl 1965, um útgáfu og notkun nafnskirteina.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar gefur út nafnskirteini til allra einstaklinga, sem skráðir eru hér á landi, þó ekki fyrir en á því almanaksári, er þeir fylla 14 ára aldur.

A 37